



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsóknasjóður Háskólans (verkefnasjóður)

Viðmið við úthlutun

Í samræmi við 7. mgr. 75. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands setur vísindanefnd háskólaráðs eftirfarandi viðmið um vinnulag og mat á umsóknum í tengslum við úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Nýjar umsóknir eru metnar af stjórn Rannsóknasjóðs. Allar gildar umsóknir fá styrk að fjárhæð 400 þ.kr. á ári, til viðbótar geta verkefni fengið 400 þ.kr. eða 800 þ.kr. Þessi viðbót byggist á rannsóknarvirkni umsækjenda og þeim sjónarmiðum sem lýst er að neðan. Hægt er að sækja um styrk til eins, tveggja eða þriggja ára í senn. Lokaskýrslu þarf að skila að styrktíma liðnum. Ekki þarf að skila framvinduskýrslu eftir hvert ár.

Gæði umsóknar og ritvirkni umsækjenda

Stjórn Rannsóknasjóðs metur umsóknir til sjóðsins

Samhliða mati stjórnar Rannsóknasjóðs er ritvirkni umsækjanda metin á grundvelli aflstiga eða ritvirknistiga umsækjanda 2018-2022 í samræmi við gögn frá vísinda- og nýsköpunarsviði.

Vísindanefnd háskólaráðs ákveður hámarksfjárhæð styrkja og fjölda styrkflokka en ákvörðun um úthlutun einstakra styrkja er í höndum stjórnar Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands.

Við lokaflokkun umsóknar er heimilt að taka tillit til eftirfarandi þátta:

1. Nýir starfsmenn (þeir sem hafa hafið vísindaferil á seinustu fimm árum miðað við ráðningu í akademískt starf (lektor/sérfræðingur) geta hækkað um flokk, raðist þeir neðarlega vegna birtinga sinna.
2. Birtingarhefð. Heimilt er að hækka umsókn um flokk ef birtingartíðni á viðkomandi fagsviði er lág í samanburði við önnur fagsvið.
3. Persónulegar aðstæður. Heimilt er að hækka umsóknir um flokk ef umsækjandi hefur verið í barneigna- eða veikindaleyfi undangengin fimm ár.

Að lokinni röðun stjórnar er úthlutun tilkynnt.

Ef fulltrúar í stjórn Rannsóknasjóðs eru tengdir umsóknum eða umsækjanda skulu þeir víkja af fundi (sbr. skjal vísindanefndar um vanhæfi).